

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 8. mars 2006

Vísað er í bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 16. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Háskólans á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006–2009, 391. mál.

Umsögn Háskólans á Akureyri um tillöguna er eftirfarandi:

Háskólinn á Akureyri styður þær áherslur sem fram koma í tillögunni um gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og þróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarna.

Sem almenn athugasemd um tillöguna kæmi vel til greina að endurskilgreina hugtökin „höfuðborgarsvæði“ og „landsbyggð“. Byggðapróun síðustu ára sýnir þörfina á þessu. Í ágætri greinargerð Byggðastofnunar í fylgiskjali tillögunnar er þessari þróun vel lýst. Miða mætti við skilgreiningar á *Functional Urban Areas (FUAs)* sem hafa verið þróaðar í ESPON-verkefnum (sjá greinargerð Byggðastofnunar), t.d. verkefnum ESPON 1.1.1. Ef það væri gert væri um mun stærra svæði að ræða en núverandi höfuðborgarsvæði, m.a. hefur í skilgreiningum verið miðað við 45 mín. aksturstíma til kjarna slíks svæðis.

Um einstakar aðgerðir til að ná markmiðum áætlunarinnar:

Bættar samgöngur. Miðað við mikilvægi samgöngubóta fyrir byggðapróun fá þær minna vægi í áætluninni en búast mætti við. Ljóst er að frekara fjármagns er þörf í málaflokkinn. Þá má benda á að samgöngubætur, sem einkum er ætlað að stytta leiðir á landsbyggðinni og styrkja byggð, eiga almennt undir högg að sækja. Má í þessu sambandi vísa til umræðu um Samgönguáætlun vorið 2005. Það er afar mikilvægt, og í raun frumskilyrði, að leggja áherslu á slíkar framkvæmdir ef ná á markmiðum þessarar áætlunar um að styrkja landshlutakjarnana þrjá.

Athygli vekur að hvergi er minnst á þýðingu þess fyrir innanlandsflug að það verði áfram starfrækt í Reykjavík. Þetta atriði er svo veigamikilið að það á fullt erindi inn í áætlunina. Ekki er ósennilegt að einmitt á tíma þessarar áætlunar verði hart tekist á um þetta atriði. Þá er mikilvægt að lengja Akureyrarflugvöll til að skapa betri grundvöll fyrir millilandaflug þaðan og bæta þar með starfsskilyrði fyrirtækja á Norðurlandi m.a. í útflutningsstarfsemi og ferðaþjónustu.

Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga. Ástæða er til að styðja þessa áherslu á vaxtarsamninga. Háskólinn á Akureyri hefur tekið þátt í Vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðisins og hefur þegar fengið góð reynsla af því samstarfi.

Athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun. Tekið er undir að þörf er á þessari aðgerð. Sú athugun sem hér er vísað til að gera skuli, gæti beint sjónum að einstaklingunum og greint hvaða ástæður liggja að baki hjá þeim sem þegar hafi flutt

brott og hvað haldi enn í þá sem enn eru eftir. Á næsta ári eru liðin 10 ár frá umfangsmikilli athugun á búferlaflutningum.

Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar. Framkvæmd þessarar tillögu er mjög mikilvæg. Vel kæmi til greina að setja upp samkeppnissjóð sem styrkti skilgreind verkefni á áherslusviðum. Benda má á AVS sjóð sjávarútvegsráðuneytis sem fyrirmynd að slíkri aðgerð. Saknað er umfjöllunar um byggðarannsóknir í áætluninni. Minnt er á að Byggðarannsóknastofnun var komið á við Háskólann á Akureyri fyrir nokkrum árum en þeirri stofnun hafa aldrei verið tryggðar fastar fjárveitingar þannig að hún hefur ekki getað sinnt bráðnauðsynlegum grunnrannsóknum á sviði byggðamála hér á landi.


Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra. Athyglisvert er að ekki skuli í þingsályktuninni beinlínis stefnt að eflingu háskólastofnana á landsbyggðinni, sérstaklega Háskólans á Akureyri og Hólaskóla – Háskólans á Hólum sem eru staðsettir utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar. Áframhaldandi efling þessara stofnana er afar mikilvæg og er beinlínis til þess fallin að stuðla að öllum þremur meginmarkmiðum þingsályktunartillögunnar. Vöxtur þessara stofnana hefur verið hraður og þær hafa sannað mikilvægi sitt fyrir þróun byggðar. Það væri í anda byggðaaætlunar að renna frekar stoðum undir þessar stofnanir. Fjarnám við Háskólann á Akureyri hefur reynst afar traust stoð fyrir starfsemi háskólasetra og annarra þekkingarsetra á landsbyggðinni.

Efling dreifmenntunar á öllu skólastigum. Hér er ástæða til að vekja athygli á frumkvöðlastarfi Háskólans á Akureyri um uppbyggingu fjarnáms á háskólastigi. Háskólinn á Akureyri býður upp á fjarnám í hjúkrunarfræði, viðskiptafræði, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði, umhverfis- og orkufræði, líftækni, grunnskólafræði og leikskólafræði. Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneyti stunduðu á haustmíssi 2005 alls 664 nemendur fjarnám á háskólastigi í gegnum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem staðsettar eru á landsbyggðinni. Þar af eru 365 í Háskólanum á Akureyri eða 55%. Hér er um mjög mikilvæga starfsemi að ræða til eflingu byggða. Þessa starfsemi er hægt að auka enn frekar fáist til þess aukið fjármagn.

Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina - og efling opinberrar þjónustu. Hér virðist efling opinberrar þjónustu í þágu atvinnugreinanna vera víkjandi þáttur og aðeins sagt að hugað verði að því hvort megi efla hana. Þetta er of veikt, hér er lagt til að áherslum verði snúið við þannig að megininntak þessarar greinar verði efling opinberrar þjónustu í þágu þessara atvinnugreina á landsbyggð og þá líka fyrir landið allt. Mjög mikil og góð reynsla hefur fengist af því í nágrannalöndunum að flytja opinbera þjónustu út á landsbyggðina.

Háskólinn á Akureyri mælir með samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor